

Bekkjarnámskrá fyrir samfélagsfræði - 6. bekkur



Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Saga, landafræði og lífsleikni</p>	<p>Markmiðið er að nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemandi getur notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni. • Nemendur geta lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi • Nemandi getur borið saman valin trúar- og lífsviðhorf. • Nemandi getur lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður. • Nemandi getur gert grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar. • Nemandi getur fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta. • Nemandi getur áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði. 	<p>Saga; Snorra saga (haust): Snorra saga er lesin, rædd og verkefnabók unnin úr henni. Að lokum velja nemendur sér lokaverkefni upp úr bókinni eða þreyta lokapróf sem er til einkunnar.</p> <p>Landafræði; Norðurlönd (vor): Kennslan byggist á lestri, umræðum og verkefnavinnu í tímum, ýmist sjálfstætt eða í hóp.</p>	<p>Námsmat að hausti byggist á vinnubók úr Snorra sögu sem er metin auk þess sem nemendur velja sér að gera lokaverkefni eða taka lokapróf sem þau fá einkunn fyrir.</p> <p>Námsmat að vori byggist á heimaprófi, vinnubók og þemaverkefni.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • Nemandi getur notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga. • Nemandi getur greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. • Nemandi getur lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem nærsamfélagi, umhverfi og menningu. • Nemandi getur gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. • Nemandi getur sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. • Nemandi getur lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund. • Nemandi getur sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. • Nemandi getur áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast. • Nemandi getur tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • Nemandi getur rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. 	<p>Fjallað verður um Norðurlöndin og einkenni þeirra. Nemendur eru þjálfaðir í að nota kortabækur og afla upplýsinga út frá þeim.</p> <p>Unnið verður þemaverkefni um Norðurlöndin þegar bókin er búin.</p> <p>Lífsleikni; Umræður, Ertu viss? Vinnubók, bekkjarfundir og hópverkefni.</p>	<p>Námsmat byggist á virkni og þátttöku í umræðum og bekkjarfundum. Vinnubókin Ertu viss? og hópverkefni unnið úr þemum.</p>
--	--	---	--

	<ul style="list-style-type: none">• Nemandi getur tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.		
Lokanámsmat: Símat. Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C, D eða ólokið.			